

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

115. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 24. október 2012 kl. 15:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðhald varnargirðinga. Sigurður Ingvi Björnsson.
2. Afleiðingar óveðursins 10.-11. september sl.

Afgreiðslur:

1. Sigurður Ingvi Björnsson, verktaki með viðhaldi varnargirðinga í Húnaþingi vestra er mættur til fundar við Landbúnaðarráð. Gerði hann grein fyrir störfum sínum sl. ár við viðhald varnargirðinga og lagði fram skýrslu sína þar sem sérstaklega er fjallað um ástand girðingarinnar frá ósi Miðfjarðarár og fram í Arnarvatn og Vesturhóps- og Vatnsnesgirðingar. Landbúnaðarráð lýsir yfir miklum áhyggjum af núverandi ástandi varnargirðinga í sveitarfélaginu og mótmælir harðlega skerðingu fjárframlaga ríkisins til viðhalds girðinganna. Ljóst er að fjöldi bænda hefur orðið fyrir beinu fjárhagstjóni vegna sauðfjár sem farið hefur á milli varnarhólfa m.a. sökum skorts á viðhaldi varnargirðinga og þurrka sl. sumur. Landbúnaðarráð samþykkir að óska viðræðna við fulltrúa Matvælastofnunar um viðhald varnargirðinga í sveitarfélaginu.

2. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, formaður gerði gein fyrir upplýsingum sem hún hafði aflað frá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda um vanhöld á búfé í kjölfar óveðursins sem gekk yfir Norðurland 10. – 11. september sl. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi einnig frá því að þann 1. nóvember nk. verði haldinn fundur í Almannaþingarnefnd Húnavatnssýslna þar sem m.a. verði farið yfir það ástand sem skapaðist í kjölfar umrædds óveðurs, aðgerðir Almannaþingardeildar ríkislögreglustjóra og annarra viðbragðsaðila innan og utan starfssvæðis nefndarinnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:30

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),
Þorsteinn Helgason(sign.),
Agnar Jónsson(sign.),
Jóhann Ragnarsson(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).